

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/193*  
*komudagur 27.9.2013*



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2013

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi, 40. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu að þingsályktun um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi.

BSRB styður þau megin sjónarmið sem fram koma í tillögunum.

Bandalagið tekur sérstaklega undir efni 1. liðs tillögunnar til þingsályktunar um að fjármála- og efnahagsráðherra og velferðarráðherra leggi fyrir Alþingi á haustþingi frumvarp til laga um nýjar húsnæðisbætur sem taki mið af fjölskyldustærð og tekjum og tryggi sambærilegan stuðning við leigjendur og eigendur, líkt og kom fram í skýrslu vinnuhóps um húsnæðisbætur í maí 2012. Fulltrúi BSRB sat í vinnuhópnum og lagði þar áherslu á það stefnumál bandalagsins að nauðsynlegt sé að auka jafnræði milli ólíkra búsetuforma. Samstaða um lykilaðherslur náðist í vinnuhóp um húsnæðisbætur sem skipaður var aðilum vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Húsnæðiskerfið þarf að vera þannig uppbyggt að fólk hafi val, geti hagað húsnæðismálum sínum í takt við aðstæður á hverjum tíma. Kerfið þarf að vera sveigjanlegt og uppbygging þess á að stuðla að jafnræði á milli ólíkra búsetuforma.

BSRB gerir ekki sérstakar athugasemdir við 2., 3. og 4. lið tillögunnar.

BSRB tekur einnig undir 5. lið tillögunnar og leggur á það áherslu að nauðsynlegt er að leigumarkaður sé raunverulegur valkostur fyrir alla þjóðfélagshópa. Til að svo geti orðið telur bandalagið að nýbyggingar á leigumarkaði verði að taka mið af þörfum leigjenda til að tryggja hagkvæmni og viðráðanlegt leiguverð. Mikilvægt er að reglur og lög varðandi leigufélög sem njóta opinbers stuðnings verði settar takmarkanir á arðgreiðslum, að leigufélög tryggi leigjendum húsnæðisöryggi til frambúðar og að íbúðir geti ekki verið seldar út úr leigufélögum í gróðaskyni.

BSRB gerir ekki athugasemdir við 6. lið tillögunnar.

BSRB telur að rekstur félagslegs leiguhúsnæðis samhliða því að þróa varanlegan leigumarkað sé ekki besti kosturinn. Að mati bandalagsins væri æskilegra að byggja upp varanlegan almennan leigumarkað fyrir alla samfélagshópa þar sem stuðningur er persónubundinn en ekki húsnæðisbundinn. Áfram yrði veittur sértækur stuðningur fyrir þá þjóðfélagshópa sem þess þurfa en sá stuðningur yrði óháður húsnæðisbótunum.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri BSRB